

**Nefndasvið Alþingis**  
**Allsherjarnefnd**  
**b/t Elínar V. Þorsteinsdóttur**  
**nefndarritara**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 8. júlí 2009.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands (89. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem kveður á um tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðsins.*

Viðskiptaráð Íslands fagnar meginmarkmiðum frumvarps þessa sem eru m.a. að auka forgangsröðun, skýra nánar verkaskiptingu, gera einingar hagkvæmari og skilvirkari og draga þannig úr kostnaði ríkissjóðs (skattgreiðenda) af rekstri þeirra. Að auki fagnar ráðið þeim fyrirtætlunum að færa fyrirtæki í eigu hins opinbera undir fjármálaráðuneytið, sem er í samræmi við tillögur OECD, og því að ríkið ætli sér að setja fyrirtækjum í sinni eigu eigendastefnu. Hvað hið síðarnefnda varðar þá hefur ráðið um all nokkurt skeið hvatt til að slíkar stefna verði sett og vísar undirritaður þar til *Leiðbeininga um stjórnarhætti opinberra fyrirtækja* sem Viðskiptaráð, Samtök atvinnulífsins og Kauphöllin gáfu út í fyrra.


Til þess að ná framangreindum markmiðum miðar frumvarp þetta eingöngu að tilfærslu verkefna milli ráðuneyta en ekki að frekari breytingum á stofnanakerfinu sjálfu, t.a.m. með fækkun ráðuneyta og stofnana, en slíkar breytingar skulu koma síðar. Viðskiptaráð hefur áður fjallað um sameiningu stofnana og að mati ráðsins er ljóst að sameiningar kalla sjaldnast á aukna hagkvæmni í rekstri hins opinbera. Þvert á móti þá hafa sameiningar stofnana og nafnabreytingar í fleiri tilfellum en færri kallað á útgjaldaaukningu. Nægir þar að vísa til þess þegar viðskiptaráðuneytið var, árið 2007, skilið frá iðnaðarráðuneytinu. Skv. fjárlögum fyrsta starfsárs hins nýja ráðuneytis voru heildargjöld þess áætluð um 1,8 ma. kr. en skv. fjárlögum ársins 2009 þá voru heildargjöldin áætluð um 2,7 ma. kr. Er hér um að ræða ríflega 46% hækkun milli ára, sem því miður er í samræmi við almenna útgjaldaþenslu hins opinbera undanfarin ár.

Vegna þessa hefur ráðið frekar talað fyrir fækkun ráðuneyta og stofnana, en það er mat ráðsins að töluvert svigrúm sé til staðar í þeim efnum. Eins og hefur komið fram í skýrslum ráðsins (*Ísland 2015, 90 tillögur að bættri samkeppnishæfni*) þá starfaði um 0,5% af heildarvinnuafli landsins hjá ráðuneytum árið 2006 og þá voru undirstofnanir ekki taldar með, sem er of hátt hlutfall. Þá var það mat ráðsins að kostir við fækkun ráðuneyta væru fjölmargir, en þar má einkum nefna: kostnaðarhagræði sökum minni yfirbyggingar; hagræði í efsta lagi stjórnsýslunnar væri öðrum í neðra lagi hennar hvatning til umbóta og fækkun ráðuneyta myndi fjölga óbreyttum þingmönnum og skapa svigrúm til fækkunar þeirra. Í þessum efnum lagði ráðið m.a. til að ráðuneytum yrði fækkað í sjö, þ.e. að stofnað yrði velferðarráðuneyti utan um ráðuneyti félagsmála og ráðuneyti heilbrigðis- og tryggingarmála. Að viðskiptaráðuneytið, fjármálaráðuneytið og Hagstofa Íslands yrðu sameinuð undir formerkju fjármálaráðuneytisins og atvinnuvegaráðuneyti yrði stofnað utan um ráðuneyti landbúnaðar-, samgöngu-, umhverfis- og

iðnaðarmála. Ráðuneyti menntamála, untaríkismála, dóms- og kirkjumála og forsætisráðuneytið myndu þannig vera óbreytt. Þetta er auðvitað bara ein tillaga af mörgum sem hafa verið reifaðar undanfarin ár, en aðra tillögu að sambærilegri endurskipulagningu má finna í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar frá 10. maí síðastliðnum.

Hvaða leið sem verður fyrir valinu í þessum efnum skiptir ekki öllu, en ljóst er að ríkissjóður þarf að ná raunverulegri hagræðingu í sínum ranni til að mæta umfangsmiklum fjárlagahalla á komandi árum. Ef að tillögur frumvarps þessa eru í raun undanfari frekari skipulagsbreytinga, sem ætlað er að auka skilvirkni og hagkvæmni til hagsbóta fyrir skattgreiðendur og stöðu ríkissjóðs, telur Viðskiptaráð fulla ástæðu til að hrinda þeim í framkvæmd sem fyrst.

Virðingarfyllst,



---

Haraldur I. Birgisson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs